



## Reglur Grímsnes- og Grafningshrepps um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

*Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags frá 25. janúar 2013 og reglum Sambandsins vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags frá 27. janúar 2012.*

### 1. gr.

Nemendur sem eiga lögheimili í Grímsnes- og Grafningshrepp skulu að jafnaði stunda nám í leik- eða grunnskóladeild Kerhólsskóla. Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að hann hefur byrjað skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins.

Að öllu jöfnu getur nemandi ekki sótt skóla í tveimur sveitarfélögum samtímis. Aðstæður nemandans geta hins vegar kallað á að frá þessu sé vikið með sérstöku samkomulagi. Ákvörðun í þessu efni er þó alltaf háð yfirlýstu samþykki beggja sveitarfélaga og að teknu tilliti til hagsmuna nemandans.

### 2. gr.

Forsjáraðili nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags skal senda inn umsókn þess efnis til lögheimilissveitarfélags nemandans fyrir 15. apríl.

### 3. gr.

Umsókn um námsvist utan Grímsnes- og Grafningshrepps skal send á þar til gerðu eyðublaði til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Í umsókn skal upplýsa um ástæður umsóknarinnar og hvort foreldrar fara sameiginlega með forsjá en eiga ekki sama lögheimili.

### 4. gr.

Liggi fyrir umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags til að stunda nám við Kerhólsskóla skal sérstaklega tekið á því hvort nemandi hafi fengið sérstakan stuðning í sínum fyrri skóla, eftir því sem við á. Vanti þær upplýsingar í umsókn skal óska þeirra sérstaklega áður með tölvupósti til forsjáraðila áður en umsókn er tekin fyrir.

Skólastjóri Kerhólsskóla tekur afstöðu til umsóknar, samþykkir eða hafnar. Samþykki skólastjóra og sveitarstjórnar er þó alltaf með fyrirvara um samþykki lögheimilissveitarfélags um greiðslur, hvort heldur almenns gjalds eða sérstaks gjalds.

### 5. gr.

Sé umsókninni synjað af lögheimilissveitarfélagi skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi.

Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu hjá lögheimilissveitarfélagi, skal senda hana til þess sveitarfélags þar sem óskað er eftir að nemandinn stundi nám, hér nefnt viðtökusveitarfélag eða til þess sveitarfélags sem óskaði eftir að nemandi fengi að stunda nám í Kerhólsskóla.

Verði því við komið skal senda umsókn um skólavist fyrir 10. maí til viðtökusveitarfélags og skal þá svar berast lögheimilissveitarfélagi fyrir 1. júní. Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Komi óskir fram það seint að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skulu aðilar hraða afgreiðslu sem kostur er.



Forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemenda í viðtökuskóla og Grímsnes- og Grafningshreppur sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

### 6. gr.

Ef sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir umsókn er einungis samþykkt fyrir yfirstandandi/komandi skólaár, þ.e. að hámarki frá miðjum ágúst til loka maí ár hvert, hvort heldur sem er nám utan Kerhólsskóla eða nám við Kerhólsskóla.

Umsókn verður að endurnýja á hverju ári og á það bæði við um leik- og grunnskóla.

Til þess að auðvelda móttöku nemanda í viðtökusveitarfélagi skulu öll nauðsynleg gögn send milli hlutaðeigandi skóla. Persónuverndarsjónarmiða skal gætt í allri meðferð gagnanna.

### 7. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skólagöngu í Grímsnes- og Grafningshrepp af eftirtöldum ástæðum:

- Forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemanda í grunnskóla í fyrra lögheimilissveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.
- Flutningur lögheimilis forráðamanna stendur ekki fyrir dyrum. Í þann hóp falla t.d. börn námsmanna, sem tímabundið stunda framhalds- og háskólanám fjarri lögheimili og börn foreldra sem vegna tímabundinna starfa fjarri lögheimili, þurfa á námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi að halda.
- Ef sérstök ósk berst frá félagsmálayfirvöldum að hagsmunum barnsins sé betur borgið í skóla/leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.

### 8. gr.

Þegar heimild er veitt skv. 5. gr. til náms í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags, skal samhliða samið um allar greiðslur. Greiðslur Grímsnes- og Grafningshrepps með börnum í leik- og grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags miðast við viðmiðunargjald sem útgefið er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í gjaldinu er falinn allur almennur skólakostnaður annar en viðbótarkostnaður vegna húsnæðis, sérkennslu, skólaaksturs eða annarra sérstakra aðstæðna. Um þann kostnað skal samið sérstaklega um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags svo og um annan kostnað sem er sannarlega umfram greiðslur. Forsjáraðilar sjá ávallt um allan flutning nemenda til skólans sem viðkomandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir. Þarfnist nemandi sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings (t.d. vegna sérfræðiþjónustu, sérstakrar íslenskukennslu innflytjenda o.fl. sem sannarlega telst umfram almennan skólakostnað) skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags. Með sama hætti skal semja um aðra liði sem eru sannarlega umfram viðmiðunargjaldið.

Athygli er vakin á því að ef barn stundar nám í skóla eða leikskóla þar sem gjöld eru af einhverjum ástæðum hærrí en gengur og gerist, þá er niðurgreiðsla Grímsnes- og Grafningshrepps samt sem áður miðuð við viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og það er hverju sinni.

Um greiðslur lögheimilissveitarfélags vegna skólavistar barns í tímabundnu fóstri fer skv. ákvæðum barnaverndarlaga, grunnskólalaga, reglugerð nr. 547/2012 með síðari breytingum um skólagöngu fósturbarna og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem við á.

Samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 11. desember 2024